

Fundargerð skólaráðs 1. febrúar 2019

Fundinn sátu: Laufey Haraldsdóttir, Gunnhildur Gísladóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Sunna Sif Friðriksdóttir, Leó Einarsson, Trostan Agnarsson, Sif Káradóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir (fundarritari).

1. Frístundaheimili í Varmahlíð.

Möguleiki á frístundaheimili í Varmahlíð hefur verið til umræðu hjá sveitastjórn og í fræðslunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar eftir að Foreldrafélag Birkilundar sendi formlegt erindi þessa efnis. Starfsfólki fjölskyldusviðs hefur verið falið að meta þörf og kostnað við rekstur frístundaheimilis í Varmahlíð. Unnið er að upplýsingaöflun og undirbúningi þessa mats og er nú búið að senda út könnun til foreldra barna í 1.-3. bekk og til foreldra leikskólubarna til að kanna áhuga og þörf.

2. Breyting á skóladagatali 2018 - 2019.

Skólaslit voru sett 28. maí á núverandi skóladagatal en því miður er ekki mögulegt að fá Miðgarð leigðan þann dag. Lagt til að breytingar séu gerðar á skóladagatali og dögum víxlað, skólaslitadegi 28. og starfsdegi 29. maí. Skólaslit færast með því til miðvikudagsins 29. maí. Skólaráð samþykkir þessa breytingu á skóladagatali og því ákveðið að skólaslit verði 29. maí kl. 17:00. Breyting skóladagatals þykir ákjósanlegri til að halda í þann hátíðleika sem athöfninni sæmir frekar en að færa skólaslitin aftur í íþróttahús eins og áður tíðkaðist.

3. Fjárhagsáætlun 2019 kynnt og rædd.

Undanfarin ár hefur sama eða svipuðu fjármagni verið áætlað til reksturs á skólanum og í umfjöllun fjárhagsáætlunar endurspeglast það viðhorf að ekki sé verið að skera niður við skólann. Á sama tíma hafa vörur hækkað og sú þjónusta sem skólinn kaupir. Því er það í raun ekki rétt að verið sé að halda í horfinu þar sem öll aðföng hafa hækkað. Við getum ekki unað til lengdar við það að endalaust sé meira þrengt að. Spurt er um samanburðarhæfan grunnkostnað á rekstri skóla óháð fjölda nemenda. Hagstofan aflar gagna í slíka samantekt sem Samband íslenskra sveitarfélaga birtir árlega samanburð á rekstri skóla milli sveitarfélaga. Skólarnir í Skagafirði eru ávallt frekar dýrir í þeim samanburði.

Skólastjóri setur spurnir við hversu samanburðarhæfður gagnagrunnurinn er raunverulega þar sem nokkrir annmarkar virðast vera á að hægt sé að skila rauntölum réttum vegna formgerðar upplýsingaöflunar.

Rætt um að ástæða sé til að vera vakandi í fjárhagsumræðu um rekstur skólans og gæta sérstaklega að því að aukið aðhald í rekstri skólans gangi ekki of langt og á kostnað faglegs skólastarfs sem væri í þversögn við þann metnað sem sveitarfélögin hafa hingað til lýst yfir varðandi skólastarf í Skagafirði.

4. Framkvæmdaráætlun og viðhald Varmahlíðarskóla 2019.

Mikil vonbrigði með núverandi framkvæmdáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 en ljóst er að engar meiriháttar framkvæmdir eða viðhaldsaðgerðir eru fyrirhugaðar á árinu á skólahúsnæði Varmahlíðarskóla. Á síðasta ári var skipt um gler í gluggum á einni hlið, lagfæringar voru gerðar á þakinu vegna leka og

áfram reynt að laga ofnakerfi skólans svo viðunandi hiti haldist í húsnæðinu. Ekki er vitað til að langtímaplan sé til varðandi viðhald á húsinu sem er bagalegt. Byggðaráð kom í skólann í haust og skoðaði skólann og var þá bent á ýmislegt sem komið er á tíma og þarft að gera endurbætur á. Einnig var ástand skólans rætt á íbúafundi og ítrekað að það þurfi að sinna viðhaldi skólans. Við undirbúning og vinnu við fjárhagsáætlun sendir skólastjóri frá sér lista yfir þau atriði sem komin eru á tíma í viðhaldi ásamt óskum um endurbætur á skólahúsnæðinu. Sami listi var afhentur byggðaráði í haust.

Spurt hvort heilbrigðiseftirlitið komi ekki reglulega til að skoða skólann. Vitað er að heilbrigðiseftirlitið sinnir lögbundnu eftirliti og metur t.a.m. aðbúnað í mötuneyti og kennslueldhúsi í reglulegum úttektum sínum en hversu vítt eða reglulega heilbrigðiseftirlitið metur aðstæður skólahúsnæðis í heild sinni er ekki vitað.

Einnig spurt hvort hafi heyrst frá Gunnari Gíslasyni og hans úttekt en ekki hafa verið kynntar neinar niðurstöður frá honum ennþá. Ekki vitað hvort hann sé búinn að ljúka úttekt eða skila skýrslu.

Málin rædd og því viðhorfi lýst að ekki sé hægt að bíða í fleiri ár eftir því að ákvörðun sé tekin um að kannski eigi leikskólinn að vera á sama stað og skólinn og að viðhaldi sé ekki sinnt á meðan. Ákveðið að skólaráð sendi frá sér eftirfarandi ályktun varðandi þennan lið. Ályktun sem send verði báðum sveitarfélögum, sveitastjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar og oddvita Akrahrepps ásamt afriti til sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Skólaráð Varmahlíðarskóla lýsir áhyggjum sínum af því að á árinu 2019 séu ekki fyrirhugaðar neinar meiriháttar viðhaldsframkvæmdir við Varmahlíðarskóla líkt og opinber fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar árið 2019 ber vitni um. Viðhaldi skólans þarf að sinna og margt er komið á tíma í endurbótum húsnæðisins. Nefna má að gólfteppi á göngum og tröppum skólans eru gengin niður í striga, endurnýja þarf gólfduka og innréttingar í kennslustofum, salerni eru óviðunandi, fatahengi í forstofu er orðið gamalt og úr sér gengið, ljúka þarf endurnýjun á gleri í gluggum og sömuleiðis að ljúka við stillingar og lagfæringar á ofnakerfum í skólanum og lagfæringar á þaki vegna leka. Einnig skal ítrekað að skólann vantar kennslustofu fyrir náttúrugreinar. Skólahúsnæðið er komið til ára sinna og vert að benda á að skólastarfsemin í dag er um margt ólík því sem hún var í tíð heimavistar skólans sem húsnæðið hýsti áður. Að okkar mati er orðið óumflýjanlegt annað en að sveitarfélagin tvö taki til alvarlegrar skoðunar að húsnæðið sé endurhannað með þarfir nútíma skólastarfs að leiðarljósi. Það er óásættanlegt að beðið sé lengur með viðhald og endurbætur á skólahúsnæðinu undir því yfirsikni að leik- og grunnskóli í Varmahlíð eigi kannski og kannski ekki að vera undir sama þaki.

Það er með öðrum orðum orðið löngu tímabært að framtíðarstefnu skólamála í Varmahlíð verði lent svo hægt sé að gera langtímaáætlanir í húsnæðismálum skólanna. Skólaráð skorar á Sveitarfélagið Skagafjörð og Akrahrepp að taka samstillta ákvörðun um hvert skuli stefna svo hægt sé að tryggja að nemendur skólans búi við ásættanlegan og heilsusamlegan aðbúnað í skólanum.

5. Önnur mál.

Kynnt hugmynd þess að starfsmenn Varmahlíðarskóla fari í náms- og kynniferð erlendis á næsta skólaári. Horft er til þess að farið yrði á starfstíma

skólans í haust- eða vetrarfríi. Mögulega þarf að setja starfsdag í samfellu við vetrarfrí svo þetta sé mögulegt. Skólaráð gerir engar athugasemdir við það enda sé einungis um tilfærslu á dögum að ræða en ekki neina skerðingu á fjölda skóladaga.

Rætt um nýafstaðna árshátíð unglunga í Varmahlíðarskóla sem var einstaklega vel heppnuð. Árshátíðarvinna er stór þáttur í skólastarfinu og vinnan mjög lærdómsrík. Árshátíðir eru einmitt oft það eftirminnilegasta úr skólagöngunni þegar frá líður. Nemendum hrósað fyrir góða sýningu sem endurspeglaði mikinn metnað nemenda sem og starfsmanna..

Lagt til að næstu fundir verði um miðjan mars og síðan í byrjun maí, morgunfundir kl. 8:15. Skólastjóri boðar til fundanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið.